

AUGLÝSING

um kynbótamat úrvalskynbótagripa og gjald á útflutningshross.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur fagrád í hrossarækt (hrossaræktarnefnd), sem starfar skv. 4. og 5. gr. laga nr. 84 30. maí 1989 um búfjárrækt, ákveðið eftirfarandi mörk kynbótamats fyrir hross, þannig að þau teljist úrvalskynbótagripir:

1. Stóðhestar:

Ógelt hesttryppi yngri en fjögurra vetra og aðrir stóðhestar sem ekki hafa einstaklingsdóm: 130 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Stóðhestar með einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

2. Hryssur:

Hryssur yngri en fjögurra vetra og aðrar hryssur sem ekki eru einstaklingsdæmdar: 130 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Hryssur með einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur verið ákveðið að gjald fyrir hvert útflutt hross skuli vera kr. 8.000. Greiðist útflutningsgjaldið í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum o.fl.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni nr. 414 24. júlí 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. febrúar 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

10. febrúar 1997

Nr. 131

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Reykjanesbæjar að húsinu Njarðvík II, Njarðvíkurbraut 44, Reykjanesbæ.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 22/1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kaupúna á hafnamannvirkjum og fleira, hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að húsinu Njarðvík II, Njarðvíkurbraut 44, Reykjanesbæ.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 2. gr. laga nr. 22/1932 til að öðlast gildi þegar í stað og gildir í fimm ár frá staðfestingardegi.

Umhverfisstofnun, 10. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.